

Starfsáætlun Flúðaskóla

2024 – 2025



Flúðaskóli október 2024

1 Innihald

1	Innihald	1
2	Lagaákvæði	3
3	Skipurit Flúðaskóla	3
4	Helstu símanúmer	4
5	Upplýsingar um skólaakstur og símanúmer bílstjóra	4
6	Starfsmenn Flúðaskóla 2024 – 2025	5
7	Skólahúsnæði	5
8	Skóladagatal	5
8.1	Skýringar við skóladagatal 2024 – 2025	6
9	Kennsluhættir	7
10	Kennsluáætlanir	8
11	Tilhögun kennslu	8
12	Stundatöflur	8
13	Frímínútur	8
14	Val á unglingastigi	9
15	Félagslíf nemenda	9
16	Skólabragur	9
17	„Opinn skóli“	10
18	Matsferill	11
19	Nefndir og ráð	12
19.1	Skólanefnd	12
19.2	Skólaráð	12
19.3	Nemendaverndarráð	12
19.4	Nemendaráð	12
19.5	Aðrar nefndir nemenda	13
19.6	Foreldrafélag	13
19.7	Foreldratenglar	13
20	Stoðþjónusta	13
20.1	Farsæld barna	13
20.2	Heilsugæsla	14
20.3	Skóla- og velferðarþjónusta Árnespings	14
20.4	Náms- og starfráðgjafi	14
20.5	Forvarnarteymi	14
20.6	Lausnateymi	15
21	Heimasíða / Facebooksíða	15
22	Viðtalstímar og tölvusamskipti	15
23	Foreldrasamtöl – samráðsdagur heimila og skóla	15
24	Námsmat	15
25	Samstarf við leikskólann Undraland	16
26	Samstarf við tónlistarskóla	16
27	Innra mat	16
28	Ferðalög nemenda	17
28.1	Kostnaður í námsferðum	18
29	Skemmtanir á vegum skólans	18
29.1	Jólaskemmtun	18

29.2	Öskudagur.....	18
29.3	Árshátíð.....	18
29.4	Vordagur	18
30	Skólareglur og ófullnægjandi skólasókn.....	19
30.1	Skólareglur og viðurlög við þeim (smellið)	19
30.2	Ófullnægjandi skólasókn (smellið).....	19
31	Persónuvernd	19
32	Ábyrgð og réttur forráðamanna	19
33	Heimanám	20
34	Lestur í Flúðaskóla	20
35	Tryggingar	20
36	Leyfi eða veikindi nemenda.....	20
36.1	Veikindi eða forföll	20
36.2	Leyfi.....	21
36.3	Forföll.....	21
37	Mötuneyti	21
38	Skápar	21
39	Skólasel/Frístund	21
40	Ýmsar áætlanir.....	22


2 Lagaákvæði

Samkvæmt 29. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð starfsáætlunar og annarra hluta skólanámskrár og skal semja þær í samráði við starfsfólk skólans. Hér í þessu riti er birt starfsáætlun Flúðaskóla 2023-2024.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um stjórnkerfi og starfslið skólans ásamt almennum hagnýtum upplýsingum um skólahald hvers skólaárs. Árlega er starfsáætlunin endurskoðuð, breytt og bætt eftir nýjum áherslum og námsefni. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

3 Skipurit Flúðaskóla



4 Helstu símanúmer

Flúðaskóli	480 6610
Skólastjóri	480 6612
Aðstoðarskólastjóri	480 6611
Kennarastofa	480 6613
Deildarstj. stoðþjónustu	480 6615
Mötuneyti	480 6619
Bókasafn	486 6708
Skólasel	480 6007
Íþróttahús	480 6605
Sundlaug	480 6625

5 Upplýsingar um skólaakstur og símanúmer bílstjóra

Óli: 899 9115

Auðsholt
Langholtskot
Hrafnkelsstaðir

Magga: 864 2184

Berghylur
Hruni
Skyggfir
Hverabakki
Sólheimar
Mýrarstígur
Garðastígur
Borgarás
Hvítárholt

Sigurjón/Kristján: 893 5212

Tungufell
Foss
Haukholt
Hvítárdalur
Skollagróf
Skiptaholt
Kotlaugar

Jói: 894 6801

S-Langholt
Birringaholt
Hrepphólar
Galtafell
Miðfell
Gata
Hellisholt

Aðalsteinn: 894 4062

Nemendur frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Valdimar: 848 1618

6 Starfsmenn Flúðaskóla 2024 – 2025

Nafn	Starfsheiti
Alma Jenný Sigurðardóttir	Kennari
Ann Winter	Stuðningsfulltrúi
Árni Þór Hilmarsson	Kennari
Berglind Ágústsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Dúna Rut Karlsdóttir	Ritari
Freyja Þorkelsdóttir	Kennari
Fríður Sæmundsdóttir	Deildarstj. stoðþjónustu
Halla Gunnarsdóttir	Kennari
Haukur Hreinsson	Leiðbeinandi
Heiða Snorradóttir	Stuðningsfulltrúi
Helena Eiríksdóttir	Kennari
Hera Hilmarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir	Aðstoðarskólalastjóri
Izabela Katarzyna Bucik	Ræstingar
Jóhanna Bríet Helgadóttir	Kennari
Jóhanna Lilja Arnardóttir	Skólalastjóri
Kaisu Kukka-Maaria Hynninen	Stundakennari
Kolbrún Kristín Daníelsdóttir	Matráður
Kristín Erla Ingimarsdóttir	Kennari
Margrét Sævarsdóttir	Kennari
Marzena Zofia Kuc	Ræstingar
Orri Ellertsson	Stuðningsfulltrúi
Óðinn Freyr Árnason	Stuðningsfulltrúi
Páll Magnús Unnsteinsson	Stuðningsfulltrúi
Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir	Þroskaþjálfari
Sigríður Steinunn Einarsdóttir	Kennari
Sigríður Eiríksdóttir	Aðstoðarmatráður
Valgerður Kristmundsdóttir	Kennari

7 Skólahúsnæði

Skólahúsnæðið opnar kl 8:00 og kennsla hefst kl 8:35, skóla lýkur kl. 13:30 á mánudögum, 15:00 á þriðjudögum til fimmtudaga og kl 12:15 á föstudögum. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur dvelji í skólanum utan þess tíma.

8 Skóladagatal

[Skóladagatal](#) (smellið)

8.1 Skýringar við skóladagatal 2024 – 2025

- **12.-21. ágúst.** Endurmenntunar- og skipulagsdagar. Þessa daga eru starfsmannafundir, skipulagsfundir, undirbúningur kennslu, námskeið og fleira.
- **22. ágúst.** Skólasetning. Nemendur mæta í skólann frá 9:30 -11:00. Stundatöflur og önnur gögn afhent. Skertur nemendadagur.
- **26.-30. ágúst.** 10. bekkur verður í Danmörku
- **9. – 12. september.** Útikennsluvika
- **12. september.** Gönguferð að hausti. Allir nemendur skólans fara í gönguferð fyrir hádegi, skertur nemendadagur.
- **13. september.** Réttir. Enginn skóli
- **19. – 20. september.** Smiðjudagar. Miðstig fer í Reykholtsskóla 20. sept. Unglingar verða á Flúðum 19. og 20. sept.
- **17. september.** Haustferð yngsta stigs. Uppbrotsdagur
- **26. september.** Skertur dagur vegna kennaraþings á Flúðum
- **27. september.** Kennaraþing/starfsdagur
- **3. október.** Foreldra- og nemendaviðtalsdagur, Skólasel opið allan skóladaginn.
- **7.-11. október.** Ólympíuhlaup ÍSÍ verður einhvern dag í þessari viku.
- **15-17. nóvember.** Haustferð miðstigs verður einn af þessum dögum, uppbrotsdagur.
- **6. nóvember.** Árshátíð 1. – 7. bekkjar. Dagskrá frá kl. 16 -18. Tvöfaldur dagur hjá þessum nemendum. Uppbrotsdagur
- **8. nóvember** Baráttudagur gegn einelti. Unnið með hugtakið í skólastarfinu.
- **13. nóvember** Starfsdagur kennara, enginn skóli hjá nemendum.
- **14. nóvember.** Dagur íslenskrar tungu opið hús. **Halldórmót**-Skákmót haldið í minningu Halldórs Gestssonar, fyrrverandi húsvarðar Flúðaskóla. Uppbrotsdagur og tvöfaldur dagur.
- **20. nóvember.** Dagur mannréttinda barna. Unnið með hugtakið í skólastarfinu.
- **25.-29. nóvember** Opin vika í Flúðaskóla, foreldrar hvattir til að koma og taka þátt í skólastarfinu.
- **28. – 29. nóvember.** Smiðjudagar. Miðstig verður á Flúðum á föstudeginum. Unglingastig verður í menningarferð í Reykjavík á fimmtudegi og föstudegi.
- **2. desember.** Jólaskreytingadagur
- **20. desember.** Litlu jólin. Skertur nemendadagur.
- **Jólaleyfi nemenda** er frá og með 23. desember til og með 2. janúar.
- **2. janúar.** Starfsdagur kennara. Námskeið og undirbúningur. Ekki skóli hjá nemendum.
- **21. janúar.** Foreldra- og nemendaviðtalsdagur. Skólasel opið allan skóladaginn
- **24. Janúar.** Bóndadagur. Unnið með daginn í skólanum.
- **13. – 14. febrúar.** Smiðjudagar. Miðstigið verður í Flóaskóla á föstudeginum. Unglingastigið verður í Reykholti á fimmtudegi og föstudegi.
- **17 - 18. febrúar.** Vetrarfrí.
- **24. – 27. febrúar.** Einhvern þessara daga verður vonandi skíðaferð, uppbrotsdagur.

- **5.mars.** Öskudagur, Öskudagsskemmtun í samvinnu við foreldrafélagið. Nemendur fara heim á hádegi, skertur dagur.
- **12. mars.** Starfsdagur kennara, ekki skóli hjá nemendum.
- **17. - 21. mars.** Opin vika í Flúðaskóla, foreldrar hvattir til að koma og taka þátt í skólaförum.
- **9. apríl.** Árs hátíð 8. -10. bekkjar. Kvölddagskrá. Tvöfaldur dagur hjá þessum nemendum. Uppbrotsdagur
- **Páskaleyfi nemenda** er frá og með 14. apríl til og með 21. apríl.
- **24. apríl.** Sumardagurinn fyrsti, ekki skóli hjá nemendum.
- **1. maí.** Verkalýðsdagurinn, ekki skóli hjá nemendum.
- **5. – 9. maí.** Útikennsluvika
- **8. – 9. maí.** Smíðjudagar. Miðstigið verður á föstudeginum á Þjórskóla. Unglingastigið í Flóaskóla á fimmtudeginum og föstudeginum.
- **16. maí.** Umhverfisdagur. Unnin verkefni í skólanum tengd deginum.
- **22. maí.** Íþróttadagur/sundmót
- **16. maí.** Umhverfisdagur. Allir fara og tína rusl í umhverfinu. Endað á grilli. Uppbrotsdagur
- **21. - 24. maí.** Árlegt sundmót skólans haldið einhvern af þessum dögum, hefðbundin kennsla aðra tíma.
- **26. maí.** Starfsdagur kennara, ekki skóli hjá nemendum.
- **27. og 28. maí.** Ferðalög. Annan daginn fara bekkir í vorferð með rútu. Hinn daginn vinna þeir verkefni í nágreppi skólans. 10. bekkur fer í tveggja daga vorferð. Uppbrotsdagur.
- **29. maí.** Uppstigningardagur, ekki skóli.
- **30. maí.** Vordagur. Gleði og gaman, leikir og grillveisla. Uppbrotsdagur.
- **2. júní.** skólaslit, skertur nemendadagur
- **3. – 5. júní.** Frágangsdagur. Uppgjör ársins, frágangur og undirbúningur fyrir næsta skólaár.

9 Kennsluhættir

Til að allt nám sé í anda Skólanámskrár Flúðaskóla skal lögð áhersla á:

- Virka þátttöku og sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu, upplýsingaleit, skapandi viðfangsefni og tjáningu
- fjölbreytta kennsluhætti og að koma sem best til móts við þarfir hvers nemanda
- útikennslu og tengsl við samfélagið
- virkni nemenda og áhuga
- fjölbreytni námsmats
- að efla sjálfsvirðingu og vellíðan nemenda þannig að þeir öðlist jákvæða sjálfsmynd
- að nemendur finni til ábyrgðar gagnvart sjálfum sér og umhverfi sínu
- að efla siðgæði, víðsýni, umburðarlyndi og tillitssemi

- að nemendur tileinki sér skipuleg og vönduð vinnubrögð
- að efla hæfni nemenda til að vinna með öðrum
- árganga, milli bekkja og innan greina að heilsueflandi skóla.

10 Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir eru í öllum fögum hjá öllum árgöngum. Í þeim koma fram markmið náms, námsefni, áætlun haust- og vorannar og loks upplýsingar um námsmat. Þessar áætlanir eru sýnilegar í Mentor.

11 Tilhögun kennslu

Talsverð samkennsla er í Flúðaskóla. Samkennsla árganga er eftirfarandi: 1. og 2. bekkur, 3. og 4. bekkur, 5. og 6. bekkur og 7. og 8. bekkur. Kennarar vinna mikið í teymi á hvoru stigi. Stigstjórar eru á yngra- og eldra stigi, sem funda saman reglulega.

12 Stundatöflur

Kennsla hefst kl. 8:35 alla virka daga.

Á mánudögum lýkur kennslu kl. 13:30 og þá fara nemendur í 1.-4. bekk í skólasel og eftir klukkan þrjú er boðið upp á Frístund fyrir þá nemendur sem vilja til kl.16:00.

Kennslu á yngsta stigi lýkur 13:50 á þriðjudögum og miðvikudögum, á fimmtudögum kl. 13:30 og á föstudögum kl. 12:15. Boðið er upp á skólasel til kl. 15:00 fyrir nemendur á yngsta stigi alla daga nema föstudaga og Frístund til 16:00.

Nemendur á mið- og yngsta stigi eru í skóla til kl. 15:00 þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.

Allir nemendur fara heim kl. 12:15 á föstudögum.

Í Flúðaskóla er samkennsla í 1.-2. bekk, 3.-4. bekk, 5.-6. bekk, og 7.-8. bekk. Þessir hópar eru með sína umsjónarkennara og fara einnig í tíma hjá verkgreina-og íþróttakennurum. Ekki er samkennsla í 9. og 10. bekk en þeir eru með sína umsjónarkennara og fara í verkgreinar og íþróttir í blönduðum hópum.

Á föstudögum fara 8.-10. bekkur í Vörðu en þar er unnið að ýmsum verkefnum þvert á fög.

Á mánudögum byrja allir nemendur í tíma hjá umsjónarkennara og eru þeir tímar nýttir í lífsleikni og teknir fyrir þeir þættir sem þarf að ræða hverju sinni, t.d.

bekkjarbragur, samskipti og fleira.

Stuðningsfulltrúar fylgja ýmist ákveðnum nemendum eða hópum. Sérkennsla fer fram bæði inni í stofu og eins koma nemendur til sérkennara í tíma.

Stundatöflur nemenda má sjá inni á Mentor.

13 Frímínútur

Í frímínútum og matarhléi er kappkostað að öllum líði vel og að nemendur og starfsfólk komi fram við hvert annað með virðingu og haldi góðum skólabrag á lofti.

Allir nemendur í 1. – 7. bekk eiga að fara út í frímínútur og í matarhléi nema veður hamli og umsjónarkennarar eða gæsluaðilar ákveði annað. Að gefnu tilefni viljum við

ítreka að nemendur séu klæddir eftir veðri svo þeir geti notið útiverunnar. Nemandi sem einhverra hluta vegna á að vera inni þarf að vera með miða frá foreldri/forráðamanni þess efnis.

8. – 10. bekkur hefur leyfi til að vera inni í frímínútum og matarhléi í Launfit og Kvíadal.

Nemendur skiptast á að starfa í „frímínútnafjöri“ þar sem þeir skipuleggja útileiki í frímínútum. Frekari útskýringar eru í skólanámskrá.

14 Val á unglingastigi

Nemendur þriggja efstu bekkjanna velja sér námsgreinar fjórar kennslustundir á viku. Valgreinar eru hluti af skyldunámi og má fella í þrjá meginflokka samkvæmt aðalnámskrá. Um er að ræða val sem miðar að skipulegum undirbúningi fyrir nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla, val sem miðar að skipulegum undirbúningi fyrir starfsmenntun, list- eða tækninám, val um viðfangsefni sem víkka sjóndeildarhring nemenda og stuðla að lífsfyllingu. Haldinn er kynningarfundur þar sem valgreinarnar eru kynntar fyrir nemendum. 7. bekkur tekur þátt í vali með 8.-10. bekk tvær kennslustundir á viku.

Auk þessara valtíma er Flúðaskóli þátttakandi að menntasmiðjum með nágrannaskólum sínum, Bláskógarskóla Laugarvatni, Kerhólsskóla, Reykholtsskóla, Þjórsárskóla og Flóaskóla. Smiðjudagar eru haldnir fjórum sinnum yfir skólaárið þ.m.t. menningarferð til Reykjavíkur. Á þeim dögum sem kennt er í menntasmiðjum eru nemendur lengur í skólanum. Af þeim sökum er skólavikan styttr sem þeim stundum nemur. Með menntasmiðjum er hægt að auka námsframboð nemenda en auk þess er markmiðið að efla samstarf og kynni bæði nemenda og starfsmanna skólanna. Skólarnir skiptast á að halda og skipuleggja smiðjur fyrir nemendum allra skólanna.

15 Félagslíf nemenda

Í hverjum nemendahópi eru starfandi bekkjartenglar. Þeir hafa oft hvatt til samvista nemenda og foreldra innan sinna hópa u.þ.b. einu sinni á önn.

Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur reka í sameiningu félagsmiðstöðina Zeró. Hún er nemendum í 8.-10. bekk opin allan veturinn, að jafnaði tvisvar sinnum í viku.

Um það bil þrisvar sinnum á vetri er boðið upp á samveru og dagskrá fyrir nemendum miðstigs (miðstigsgleði) í Flúðaskóla og Þjórsárskóla.

16 Skólabragur

Góður skólabragur verður til í umhverfi þar sem öllum líður vel, þar sem samskipti byggja á gagnkvæmri virðingu einstaklinga, stöðugri hvatningu og jákvæðri gagnrýni. Við í Flúðaskóla leggjum áherslu á að nemendur, forráðamenn og starfsfólk skólans geri sér ljósa grein fyrir skyldum sínum og réttindum. Stefnt skal að því að skapa

góðan liðsanda innan skólans þar sem hæfileikar hvers og eins fá að njóta sín í samvinnu hópans.

Virðing – vitneskja

Með námi í Flúðaskóla leggjum við áherslu á að nemandi:

- Öðlist jákvæða og sterka sjálfsmynd og geti sýnt öðrum tillitsemi og umburðarlyndi
- sýni heiðarleika, vandvirkni og almenna háttvísi
- sýni sjálfstæði í námi og hugsun, skipulögð vinnubrögð og agaða framkomu
- beri virðingu fyrir eigin verkum og annarra, skoðunum og umhverfi sínu
- sýni færni, áhuga og sjálfstraust til að afla sér virðingar og aukinnar þekkingar
- hafi almenna þekkingu á þjóð og því siðgæði sem hér ríkir og sé meðvitaður um þær skyldur sem bíða hans út í þjóðfélaginu
- hafi náð grundvallarþekkingu til að geta hafið nám á framhaldsskólastigi á þeirri braut sem hann stefnir að.

Til að ofangreind markmið náist þarf:

- Gott samstaf milli skóla og heimilis og gagnkvæmt upplýsingastreymi
- nemandi að öðlast tilfinningalegt öryggi og vellíðan í skóla
- innra starf skólans að einkennast markvisst af skapandi og lifandi skólastarfi og fjölbreyttum kennsluaðferðum
- skólinn að vinna markvisst með atvinnulífi svæðisins svo öllum nemendum hans gefist tækifæri til að meta fjölbreytileika þess
- allt starf skólans að vera á þann veg að nemendur fái skólauppeldi í samræmi við ofangreind markmið og hvetji þá til dáða.

17 „Opinn skóli“

„Opinn skóli“ fyrir foreldra í Flúðaskóla er tvisvar á hverju skólaári. Í samræmi við skólastefnuna viljum við tengja foreldra sem best við starfið okkar, og því skorum við á foreldra að koma í heimsókn í opnum vikum, þegar þeim hentar, og taka virkan þátt í starfinu með okkur. Settar eru upp þrjár leiðir fyrir foreldra sem allar ganga út á að sá sem kemur bóki sig á tíma hjá viðkomandi kennara eða skólastjórnendum. Umsjónarkennarar senda tilkynningu til foreldra ef einhverjir sérstakir viðburðir eru í gangi hjá viðkomandi bekk þessar vikur.

Stuðningsfulltrúi:

Foreldri kemur í 40 mínútna kennslustund og er tilbúinn að aðstoða alla nemendur í bekknum í þeim verkefnum sem eru í gangi undir stjórn kennarans.

Kennari:

Foreldri kemur í kennslustund með fræðslu sem tekur 10-40 mínútur.

Foreldrið skipuleggur kennsluna eftir sínu áhuga-, þekkingar- og reynsluviði.

Gæsla í frímínútum:

Foreldrar taka að sér að vera í gæslu í frímínútum:

Kl. 9:55 – 10:15, 8.-10. bekkur inni og 1. – 7. bekkur úti

18 Matsferill

Matsferill er safn matstækja til að meta námsárangur grunnskólabarna sem koma mun í stað samræmdra prófa. Skyldubundið samræmt námsmat í íslensku og stærðfræði kemur til innleiðingar og framkvæmda í öllum grunnskólum skólaárið 2025–2026.

Hlutverk Matsferils er tvíþætt:

- tryggja heildstæða og skýra mynd af stöðu hvers barns í námi og framförum þess jafnt og þétt yfir skólagönguna, m.a. með að markmiði að það fái viðeigandi kennslu og stuðning þegar þörf er á. Til þess fá skólar aðgang að fjölbreyttum matstækjum og verkfærum. Upplýsingarnar sem við það skapast eiga jafnframt að nýtast nemendum og forráðamönnum þeirra og stuðla að samtali og trausti í samstarfi heimila og skóla um nám við hæfi hvers og eins barns.
- afla upplýsinga um stöðu skólakerfisins í heild, með skyldubundnu samræmdu námsmati, þannig að stefnumótandi aðilar, sem og aðrir, geti fylgst með þróun námsárangurs yfir tíma og greint styrkleika og mögulegar áskoranir, bæði í einstökum sveitarfélögum og á landsvísu.

Niðurstöður úr hinu nýja samræmda námsmati verða aðgengilegar í [Frigg, nýjum miðlægum gagnagrunni](#) utan um skráningu upplýsinga um íslenska nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskóla sem nú er í smíðum. Í fyrsta skipti verður hægt að tengja niðurstöður námsmats í íslenskum grunnskólum við fjölbreytta tölfræði um farsælda barna. Samspil Matsferils og hins nýja gagnagrunns hefur jafnframt í för með sér bætt aðgengi foreldra, barna, skóla og menntayfirvalda að upplýsingum um stöðu og framvindu barnsins í gegnum skólakerfið sem og stöðu menntakerfisins í heild sinni, allt frá leikskóla til framhaldsskóla. Þannig er betur hægt að stuðla að árangursríkum snemmtækum stuðningi og tryggja að börn fái aðstoð um leið og þörf vaknar, sem er lykilþáttur í því að draga úr eða koma í veg fyrir frekari námsvanda á síðari stigum. Skyldubundið samræmt námsmat í íslensku og stærðfræði skal koma til innleiðingar og framkvæmda í öllum grunnskólum skólaárið 2025–2026 samkvæmt frumvarpinu. Mikilvægt er að tryggja skólasamfélaginu markvissan stuðning og svigrúm við innleiðinguna.

19 Nefndir og ráð

19.1 Skólanefnd

Skólanefnd starfar í umboði hreppsnefndar og fer með málefni grunnskóla og leikskóla samkvæmt lögum og reglugerðum og sveitarstjórnarlögum. Hreppsnefnd getur auk þess falið nefndinni önnur verkefni á sviði skólamála. [Hér](#) má sjá nöfn nefndarmanna.

19.2 Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótnun sérkenna hans. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og velferð nemenda. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra auk skólastjóra sem ber ábyrgð á stofnun ráðsins. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélagsins til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. A.m.k. einu sinni á ári skal vera sameiginlegur fundur skólaráðs og nemendaráðs. [Hér](#) má sjá nöfn nefndarmanna.

19.3 Nemendaverndarráð

Í skólanum er starfandi nemendaverndarráð. Nemendaverndarráð fjallar um málefni einstakra nemenda eða nemendahópa og leitar úrræða á vandamálum er upp koma. Fundir eru haldnir reglulega eftir þörfum. Í nemendaverndarráði grunnskóla eiga sæti skólastjóri og/eða fulltrúi sem hann tilnefnir, umsjónaraðili kennslu nemenda með sérþarfir, fulltrúi skólaheilsugæslu, fulltrúi sérfræðipjónustu sveitarfélags og náms- og starfsráðgjafi. Einnig geta fulltrúar frá félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöldum tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til. Nemendaverndarráð starfar samkvæmt reglugerð nr. 584/2010.

19.4 Nemendaráð

Ráðið er skipað nemendum úr 7. – 10. bekk, einn úr hverjum árgangi en tveir úr 10. bekk, og kosið í það árlega. Hlutverk nemendaráðs er að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Ráðið kemur þannig að öllu sem kemur nemendum við t.d. í sambandi við aðstöðu, uppákomur, lög og reglur, tæki og tól o.s.frv. Þeir nemendur sem sitja í nemendaráði funda með skólastjórum einu sinni í mánuði. Að auki geta nemendur kallað eftir fundi með stjórnendum eins og þurfa þykir. Nemendaráð velur tvo fulltrúa til að sitja í skólaráði Flúðaskóla. [Hér](#) má sjá nöfn nefndarmanna.

19.5 Aðrar nefndir nemenda

Árshátíðarnefnd hefur yfirumsjón með skiplagningu árshátíðar skólans undir leiðsögn kennara.

Verslunarráð skipa 2 – 3 nemendur úr 10. bekk sem hafa umsjón með sjoppu 10. bekkinga. Skólastjóri hefur eftirlit með fjárreiðum og pöntunum verslunarráðs.

19.6 Foreldrafélag

Við Flúðaskóla er starfandi foreldrafélag. Félagið hefur m.a. þau markmið að auka samvinnu milli heimila og skóla, veita skólanum lið og styðja hann til að ná markmiðum sínum. Félagið stendur fyrir fyrirlestrum um uppeldisfræðileg málefni og heldur árlega öskudagsskemmtun. Foreldrafélagið er vettvangur til að ræða saman um skólagöngu barnanna og hvaðeina sem varðar uppeldi þeirra og menntun. [Hér](#) má nálgast fulltrúa í stjórn foreldrafélags og starfsreglur Foreldrafélags Flúðaskóla

19.7 Foreldratenglar

Foreldratenglar eru kosnir að hausti, tveir í hverjum námshópi. Hlutverk þeirra er einkum að hafa yfirumsjón með foreldrasamstarfi í bekknum, með eða án samstarfs umsjónarkennara, s.s. að virkja aðra foreldra, dreifa verkefnum, skipuleggja bekkjarkvöld, vettvangsferðir og fylgja því eftir að fyrirfram ákveðin verkefni séu framkvæmd. Foreldratenglar eru einnig tengiliðir foreldra bekkjarins við foreldrafélagið. [Hér](#) má sjá nöfn bekkjartengla.

20 Stoðþjónusta

Deildarstjóri stuðningsbrautar Flúðaskóla er Fríður Sæmundsdóttir fridur@fludaskoli.is og er hún jafnframt tengiliður farsældar barna.

20.1 Farsæld barna

Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni.

Tekið hafa gildi lög sem styðja við farsæld barna. Þau eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og að þau fái rétta aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum. Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi.

Börn og foreldrar þeirra hafa aðgang að tengilið í heilsugæslu, skóla eða félagsþjónustu. Þar geta þau fengið aðstoð við að sækja viðeigandi þjónustu, án hindrana, á öllum þjónustustigum. Í flóknari málum hafa börn og foreldrar aðgang að

málstjóra hjá félagsþjónustu eða þar sem þarfir barns liggja hverju sinni. Tengiliður farsækdar í skólanum er Fríður Sæmundsdóttir, deildarstjóri stuðningsbrautar.

20.2 Heilsugæsla

Sigríður Björg Ingólfsdóttir er skólahjúkrunarfræðingur Flúðaskóla hún hefur viðveru í skólanum á miðvikudögum og fimmtudögum frá kl 8:30 – 12:00.

Skólahjúkrunarfræðingur sinnir lækni skoðun, ásamt lækni, og sér um bólusetningar. Hjúkrunarfræðingur er til viðtals fyrir nemendur og foreldra þeirra um allt það er lítur að andlegri og líkamlegri heilsu. Hægt er að hafa samband við hana með því að senda póst á netfangið sigridur.bjorg.ingolfsdottir@hsu.is. Nánari upplýsingar um störf heilsugæslu í skóla má finna í skólanámskrá Flúðaskóla.

20.3 Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings

Flúðaskóli er í samstarfi við Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings um sérfræðiþjónustu. „Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við grunnskóla og starfsfólk þeirra“ (Grunnskólalögin 2008, 9. kafli, 40. grein)

Hægt er að óska eftir þjónustu frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Þar starfa sálfræðingar, kennsluráðgjafar og talmeinafræðingar sem veita ráðgjöf á sínum sérsviðum. Nánari upplýsingar um [Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings](#) má finna á heimasíðu stofnunarinnar.

20.4 Náms- og starfsráðgjafi

Náms- og starfsráðgjafi vinnur með nemendum, forráðamönnum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmis konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda. Náms- og starfsráðgjafi er trúnaðarmaður og talsmaður nemenda og beinist aðstoð hans að því að auka þekkingu nemenda á sjálfum sér, viðhorfum sínum, áhuga og hæfileikum þannig að þeir fái betur notið sín í námi og starfi. Auk þess að aðstoða nemendur við ígrundað val á námi og starfi að loknum grunnskóla. Í Flúðaskóla sinnir námsráðgjafi persónulegri ráðgjöf við nemendur skólans og er jafnframt áhersla lögð á náms- og starfsfræðslu við nemendur á elsta stigi skólans. Náms- og starfsráðgjafi Flúðaskóla er Heiður Eysteinsdóttir heidur@arnesthing.is. Viðvera hennar í skólanum er alla þriðjudaga.

20.5 Forvarnarteymi

Forvarnarteymi, sem samsett er af fulltrúum frá öllum grunnskólum á þjónustuvæði Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, hefur það hlutverk að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, sem hæfir aldri og þroska nemenda. Teymið samanstendur af fulltrúum stjórnenda, stoðþjónustu, kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings. Teymið hefur til að mynda tekið saman námsefni og annað

ítarefni sem getur komið að góðum notum við fræðslu um kynbundið- og kynferðislegt ofbeldi og áreitni.

20.6 Lausnateymi

Innan skólans er starfrækt lausnateymi sem er fagteymi sem leggur mat á þarfir nemenda og leitar markvisst lausna innan skólans. Auk þess veitir það ráðgjöf og stuðning við kennara skólans. Teymið vinnur eftir ákveðnum verkferlum. Teymið skipa: deildarstjóri stoðþjónustu – teymisstjóri, skólastjóri – ritari, kennsluráðgjafi frá SVÁ, stigstjóri yngra stigs, stigstjóri eldra stigs og kennari er málið varðar.

21 Heimasíða / Facebooksíða

Heimasíða skólans er upplýsingamiðill Flúðaskóla á Netinu og þar má finna helstu upplýsingar um skólastarfið.

Fjölskylduvefur Mentors er á heimasíðu skólans og þar hafa aðstandendur aðgang að nemendalista barns síns, heimavinnuáætlun, ástundun og fleiru. Foreldrar eru beðnir um að yfirfara upplýsingar um barnið og þá sjálfa ef einhverjar breytingar verða s.s. nýtt heimilisfang, símanúmer eða netfang. Vefslóð heimasíðunnar er: www.fludaskoli.is, Flúðaskóli er einnig með [Facebooksíðu](#).

Foreldrum og forráðamönnum er ráðlagt að líta reglulega inn á heimasíðuna og facebooksíðuna til að fylgjast jafnan með nýjustu upplýsingum úr skólanum.

22 Viðtalstímar og tölvusamskipti

Allir kennarar skólans eru með fasta viðtalstíma á stundaskrá. Viðtalstímar eru til að viðhalda samskiptum milli skóla og heimila. Einnig er góð leið að hafa samskipti gegnum tölvupóst. Báðir aðilar ættu að hafa frumkvæði að slíkum samskiptum. Alltaf er gott að fréttast af því sem vel fer og nauðsynlegt að taka á því sem betur má fara.

23 Foreldrasamtöl – samráðsdagur heimila og skóla

Á skóladagatali Flúðaskóla eru tveir dagar ætlaðir til nemenda/foreldrasamtala þar sem nemendur mæta með foreldrum/forráðamönnum sínum til fundar við umsjónarkennara. Fyrri samtalið verður 3. október og er megináhersla lögð á að ræða líðan og stöðu í upphafi skólaárs. Seinna samtalið verður 21. janúar þar sem farið er yfir námslega stöðu, líðan og annað sem viðkemur náminu. Þess á milli fylgjast nemendur og foreldrar/forráðamenn með hæfniviðmiðum, námsmarkmiðum og námsframvindu, á Mentor þar sem skráðar er upplýsingar sem tengjast náminu.

24 Námsmat

Skólaárinu er skipt í 2 álíka langar annir. Annaskil eru um miðjan janúar. Í námsmatinu er horft til fjölbreyttra matsþátta. Lokaeinkunnir námsannar eða lotu

birtast sem bókstafur, A, B, C, D og á bak við þá liggur margskonar mat, mismunandi verkefni og umsagnir. Með hugtakinu námsmat er yfirleitt átt við öflun upplýsinga um námsárangur og framvindu náms einstakra nemenda. Vitnisburðir eiga að byggja á þekkingarmati og alhliða námsmati. Námsmatið tekur þannig tillit til sem flestra þátta viðkomandi greinar. Mikilvægt er að öllum sé ljóst að bókstafaeinkunnir eru í eðli sínu ólíkar einkunnagjöf á töluskala sem margir foreldrar þekkja vel. T.a.m. þýðir bókstafurinn B að nemandi hefur tileinkað sér það sem hann þarf til að halda áfram á næsta stig í námi. Æskilegast er því að nemandi sé með B í sem flestum greinum.

25 Samstarf við leikskólann Undraland

Markmið með samstarfi Flúðaskóla og Undralands er að mynda samfellu milli skólastiganna til að auðvelda nemendum þær breytingar að fara á milli skólastiga. Skólaheimsóknir eru áætlaðar ca. þrjár í mánuði; tvær í grunnskólann og ein í leikskólann. Samvinnuformið er fjölbreytt, leikskólabörnin kynnast öllum námsgreinum Flúðaskóla og 1. bekkur heimsækir sinn gamla skóla. Leikskólabörnunum er boðið á ýmsa viðburði í grunnskólanum eins og árshátíð og dag íslenskrar tungu. 1. bekk er boðið á vordag leikskólans og fleira. Skólastigin hafa líka sameinast um uppákomur eins og jólaleikrit. Vorskóli er fyrir tilvonandi 1. bekkinga þrjá daga að vori þar sem börnin eru saman allan skóladaginn, fara t.d. saman í hádegismat og vinna saman allskyns verkefni. Æskilegt er að verðandi kennari 1. bekkjar taki þátt í vorskólanum, en ekki er alltaf hægt að koma því við. Leikskólakennari elstu deildar leikskóla og 1. bekkjarkennari grunnskóla funda einu sinni í mánuði og skipuleggja starfið.

26 Samstarf við tónlistarskóla

Samstarf er við Tónlistarskóla Árnesinga og Tónsmíðju Suðurlands og fer tónlistarkennslan fram ýmist í skólanum eða Félagsheimilinu. Kennslan fer ýmist fram á skólatíma, en stundum eftir skóla. Lögð er áhersla á gott samstarf tónlistarkennara þessara skóla við umsjónarkennara og stjórnendur til að tónlistarnámið komi ekki niður á öðru námi nemandans.

27 Innra mat

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 skal hver skóli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði starfsins. Markmið innra mats er að tryggja að skólinn starfi í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla. Matið er umbótamiðað og ætla að auka gæði starfsins. Jafnframt er það til þess að tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á lögum samkvæmt. Matið er einnig ætlað til þess að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um starfið. Mælt er til þess að sem flestir úr skólasamfélaginu komi að matinu, þ.a.m. foreldrar, nemendur, kennarar og starfsfólk.

Sjálfsmatsteymi Flúðaskóla er skipað þremur starfsmönnum skólans. Í teyminu í vetur situr skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu. Matsteymið setur niður sjálfsmatsáætlun skólans til þriggja ára. Matið tekur til nemenda, foreldra og starfsmanna. Matsteymi ákveður hvaða þættir skólastarfsins eru metnir og þegar

búið er að meta þá er gerð umbótaáætlun varðandi þá þætti sem komu ekki nægilega vel út. Matsteymið leggur mikla áherslu á að umbótaáætlun sé gerð í samstarfi við starfsmenn skólans.

Sjálfsmatsáætlun skólans fyrir árin 2024 - 2027 má finna á heimasíðu skólans

28 Ferðalög nemenda

Haustferðir

Nú í haust fóru allir nemendur 8. bekkja í uppsveitum og Flóa í einnar náttar ferðalag í þeim tilgangi að leggja áherslu á jákvæð samskipti og góða tengslamyndun innan hópsins.

Bekkir yngsta og miðstigs fara dagsferð að hausti. Ef um fargjaldskostnað innanlands er að ræða greiðir skólinn, annan kostnað bera nemendur eða forráðamenn.

Menningarferðir

Menningarferðir eru skipulagðar af kennurum skólans fyrir 5. – 7. bekk. Um er að ræða dagsferðir. Menningarferð skilgreinist ferð; í leikhús, í kvikmyndahús ef um sérstaka tengingu við skólastarf er að ræða, á söfn, á sýningar, heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir af menningarlegum toga. 8. – 10. bekkur fer í sameiginlega menningarferð með nágrannaskólum á smíðjudögum.

Rútufargjald menningarferðar er greitt af skóla.

Vetrarferðir

Stefnt er að útivistarferð einu sinni á skólaárinu. Nemendur 1. - 3. bekkjar fara í sleða- eða skautuferð innan sveitar í göngufæri. Nemendur 4. – 10. bekkjar fara í sleða-, skaut- eða skíðaferð.

Rútufargjald er greitt af skóla en annar kostnaður er greiddur af nemendum.

Vorferðir

1.- 4. bekkur, dagsferð innan sveitar á skólatíma.

5.- 9. bekkur, dagsferð á skólatíma.

Ef um fargjaldskostnað er að ræða greiðir skólinn það.

10. bekkur fer í skemmtiferð þar sem allur kostnaður er greiddur af nemendum.

Skólabúðir að Reykjum

7. bekkur fer í skólabúðirnar að Reykjum í Hrótafirði ásamt 7. bekkingum vinaskólanna okkar vikuna 24.-27. febrúar 2025.

Miðstigssmiðjur

Nemendur á miðstigi í Flúðaskóla, Kerhólsskóla, Bláskógaskóla Laugarvatni, Flóaskóla, Þjórsárskóla og Reykholtsskóla heimsækja hverjir aðra. Skipulag þess heimboðs sem við höldum er í höndum kennara á miðstigi og nemendanna. Þær heimsóknir eru haldnar í tengslum við smiðjudagana á unglingastigi

28.1 Kostnaður í námsferðum

Óheimilt er að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda. Þó er heimilt að taka gjald fyrir uppihald í námsferðum nemenda, að höfðu samráði við foreldra.

Skólareglur gilda í öllum ferðum á vegum skólans.

29 Skemmtanir á vegum skólans

29.1 Jólaskemmtun

Jólaskemmtun nemenda og starfsfólks er haldin síðasta skóladag fyrir jólafrí. Á jólaskemmtun er jólaguðspjallið flutt og dansað í kringum jólatré. Nemendur fara heim á hádegi þennan dag.

29.2 Öskudagur

Öskudagsskemmtun er haldin í lok skóladags á öskudag ár hvert fyrir alla nemendur skólans í samstarfi við foreldrafélag Flúðaskóla

29.3 Árshátíð

Árshátíð Flúðaskóla er hátíð allra nemenda og starfsfólks skólans. Haldnar eru tvær skemmtanir, fyrir yngra og eldra stig. Nemendur á unglingastigi skipta með sér verkum og þátt í nánari skipulagningu hátíðarinnar ásamt kennurum.

Í vikunni fyrir árshátíð er unnið að viðfangsefnum í tenglum við árshátíð sem nemendur, kennarar og stjórnendur ákveða í sameiningu.

29.4 Vordagur

Vordagur er haldinn um mánaðarmótin maí/júní. Á vordegi er markmiðið að nemendur og starfsfólk skólans skemmti sér saman við þrautir og leiki í tilefni skólaloka. Nemendum og starfsfólki leikskólans er boðið að taka þátt í þessum degi.

30 Skólareglur og ófullnægjandi skólasókn

30.1 [Skólareglur og viðurlög við þeim \(smellið\)](#)

30.2 [Ófullnægjandi skólasókn \(smellið\)](#)

31 Persónuvernd

Flúðaskóli vinnur samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuverndarstefna sveitarfélagsins Hrunamannahrepps gildir um stofnanir þess og þar af leiðandi um skólann.

32 Ábyrgð og réttur forráðamanna

Ábyrgð forráðamanna á skólagöngu barna sinna er mikil. Þeim ber að styðja við og fylgjast vel með námi barnanna. Forráðamenn bera ábyrgð á því að barnið mæti í skóla/skólabíl á réttum tíma og í viðeigandi klæðnaði og þann búnað sem nauðsynlegur er frá degi til dags. Forráðamenn láti vita ef um veikindi eða vanlíðan er að ræða og tali af háttvísi við börnin um skólann og starfsfólk hans. Fá barn jákvætt viðhorf í veganesti að heiman er líklegra að því líði betur í skólanum og gangi vel í námi.

Forráðamenn nemenda í Flúðaskóla eiga rétt á því að í skólanum sé komið fram við börn þeirra af virðingu, sanngirni og tillitssemi, bæði af hendi samnemenda og starfsmanna skólans. Forráðamenn eiga að geta vitað af börnum sínum öruggum í skólanum og hafa aðgang að upplýsingum um stöðu barna sinna. Forráðamenn eiga að geta rætt við starfsfólk skólans um málefni barna sinna og fengið vitneskju um vandamál ef þau koma upp. Umsjónarkennarar eru tengiliðir skólans við heimilin og hafa vikulegan viðtalstíma, sem og aðrir kennarar. Fjölskylduvefurinn mentor.is er öflugt upplýsingatæki sem auðveldar forráðamönnum að fylgjast með námi barna sinna. Forráðamönnum er velkomið að heimsækja skólann og fylgjast með starfi barna sinna, en nauðsynlegt er að hafa samráð um slíkar heimsóknir við skólastjóra eða viðkomandi kennara.

Ábyrgð og réttur nemenda

Hver og einn nemandi ber ábyrgð á eigin námi, hegðun sinni og eigum sínum sem og umgengni sinni við eigur skólans og annarra. Flúðaskóli leggur einnig áherslu á að samstarf og samábyrgð ríki í nemendahópum. Þannig bera allir ábyrgð á líðan, hegðun og samskiptum innan hópsins og skólans. Höfum ávallt í huga að allir nemendur bera sameiginlega ábyrgð á að umgengnisreglur séu virtar.

Nemendur Flúðaskóla líða ekki ofbeldi, einelti eða ljótan munnsöfnuð af nokkrum og leggja sig fram við að uppræta slíka framkomu. Það er á ábyrgð hvers nemanda að fara eftir skólareglum og hafa ávallt einkunnarorð skólans í huga, virðing – vitneskja.

33 Heimanám

Það er stefna skólans að setja nemendum daglega fyrir heimanám í formi lestrar og á það við um öll aldurstig skólans. Gert er ráð fyrir að allir nemendur í yngri deildunum lesi heima fyrir foreldra á hverjum virkum degi. Í eldri bekkjum þurfa nemendur ekki að lesa upphátt fyrir foreldra nema öðru hverju en foreldrar framfylgi því engu að síður að nemendur lesi daglega heima.

Auk lestrarins geta kennarar sett fyrir hóflega heimavinnu með það að markmiði að auka tengsl heimilis og skóla og gefa foreldrum innsýn í nám barna sinna. Hagnýtar upplýsingar um heimanám er að finna á heimasíðu Heimilis og skóla

www.heimilioskoli.is

34 Lestur í Flúðaskóla

Í Flúðaskóla er mikil áhersla lögð á lestur, lesskilning og hverskonar orðaforðavinnu. Nemendur á öllum stigum skólans lesa heima og í skóla. En til að ná sem besta árangri verður þetta að vera samvinnuverkefni heimila og skóla. Í skólanum eru gerðir lestrarsamingar þar sem nemendur setja sér markmið um ákveðin leshraða og settar eru fram leiðir um hvernig skuli ná þeim. Samingurinn er undirritaður af nemanda, forráðamanni og umsjónarkennara.

[Hér er tengill á læsisstefnu Undralands og Flúðaskóla](#)

[Hér má sjá yfirlit yfir skimanir í Flúðaskóla](#)

35 Tryggingar

Allir nemendur sem skráðir eru í Flúðaskóla eru tryggðir slysatryggingu skólabarna hjá tryggingafélaginu Verði. Í skilmálum segir m.a. „Vátryggingin gildir á venjulegum skólatíma og á öðrum starfstíma sem ákvarðaður er af stjórnendum skóla og stofnana sem tilgreindar eru í gr. 1.1. Vátryggingin gildir í eða við þessar stofnanir, á leið að þeim til eða frá heimili og á ferðalögum innanlands á vegum þeirra, hvert sem farið er og í hvaða skyni sem er.“

Vakin er athygli á því að munir barna eru ekki tryggðir í skólanum.

36 Leyfi eða veikindi nemenda

36.1 Veikindi eða forföll

Ef nemandi veikist eða forfallast ber forráðamanni að tilkynna það í skólann strax að morgni sama dags og á hverjum degi þar til barnið mætir aftur í skólann.

Forráðamenn geta tilkynnt veikindi í gegnum Mentor.

36.2 Leyfi

Forráðamenn geta fengið leyfi fyrir börn sín gerist þess þörf. Skemmri leyfi allt að tveimur dögum veitir umsjónarkennari en ef um lengri tíma er að ræða ber að sækja um það á eyðublaði sem nálgast má á heimasíðu Flúðaskóla eða hjá ritara. Beiðni um leyfi þarf ávallt að koma frá forráðamönnum. Ef um lengri leyfi er að ræða skal huga að því í tíma. Löng frí geta valdið nemendum erfiðleikum bæði í námi og félagslega. Nemendur verða því oft utanveltu því margt hefur gerst í þeirra fjarveru sem ómögulegt er að ná upp. Styttri frí valda líka erfiðleikum í skólastarfinu t.d. hópa- og paravinna. Hvetjum við því foreldra að taka þetta alvarlega og reyna að takmarka frí nemenda eins og kostur er.

Í 4. mgr. 15. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 kemur fram að „Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu frá skólasókn er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur“

36.3 Forföll

Ef nemandi getur ekki tekið þátt í íþrótt- eða sundtíma þurfa forráðamenn að senda barnið sitt með miða til kennara, hafa samband við ritara eða senda tölvupóst á ritari@fludaskoli.is.

37 Mötuneyti

Mötuneyti er við Flúðaskóla, nemendur fá máltíð í hádeginu mánudaga – fimmtudaga, gjaldfrjálst. Þeim sem óska eftir því að vera á sérfæði í mötuneytinu, ber að skila læknisvottorði. Nemendur á yngsta- og miðstigi hafa kost á að vera áskrifendur að ávöxtum og grænmeti. Nemendur í unglingadeild geta keypt sér ávaxta/grænmetismiða. [Matseðil](#) og [gjaldskrá](#) má finna á heimasíðu Flúðaskóla.

38 Skápar

Nemendum elsta stigs stendur til boða að leigja sér skáp fyrir skólaföng, greiða þarf kr. 1000 sem fást endurgreiddar þegar lykli er skilað.

39 Skólasel/Frístund

Breytingar á nýju skólaári

Í vetur verður breyting á stundatöflum nemenda í 1. - 4. bekk og lengd skóladags þeirra. Vegna þess verður einnig breyting hjá Skólaselinu.

Til aðgreiningar munum við skipta viðverunni eftir kennslu í tvennt, annars vegar Skólasel og hins vegar Frístund. Ekki verður tekið gjald fyrir vistun í Skólaseli, og gerum við ráð fyrir að allir nemendur verði þar. Eftir heimakstur skólabíla tekur Frístund við. Skrá þarf nemendur í hana og er gjald tekið fyrir þá vistun. Verðskrá fyrir árið 2024 er hér neðar í bréfinu.

Við þessar breytingar verður kostnaður foreldra, fyrir fullnýtta vistun eftir skóla 5,5 klukkustundir í stað 8,5 í fyrra.

Skipulag Skólasels og Frístundar

Mánudagar: Skóli til 13:30 og heimakstur fyrir alla nemendur skólans sem eru í akstri. Frístund í boði fyrir nemendur 1. - 4. bekkjar frá kl. 13:30 – 16:00. Skrá þarf nemendur sérstaklega.

Þriðjudagar: Skóli til 13:50. Allir nemendur 1. - 4. bekkjar fara í Skólasel til kl. 15 (ekki gjaldtaka) og heimakstur kl. 15 fyrir þá sem eru í akstri. Frístund í boði fyrir nemendur 1. - 4. bekkjar frá kl. 15:00 – 16:00 (gjaldtaka). Skrá þarf nemendur sérstaklega.

Miðvikudagar: Sama og þriðjudagar

Fimmtudagar: Skóli til 13:30. Allir nemendur 1. - 4. bekkjar fara í Skólasel til kl. 15 (ekki gjaldtaka). Frístund í boði fyrir nemendur 1. - 4. bekkjar frá kl. 15:00 – 16:00 (gjaldtaka). Skrá þarf nemendur sérstaklega.

Föstudaga: Skóli til 12:15 og heimakstur fyrir þá sem eru í akstri. Ekkert Skólasel né Frístund.

Staðsetning Skólasels/Frístundar mun nú færast yfir í húsnæði skólans.

Umsjónarmaður Skólasels/Frístundar er Orri Ellertsson orri@fludaskoli.is en auk hans starfa þar Heiða Snorradóttir, Ann Winter og Páll Magnús Unnsteinsson.

Verðskrá fyrir árið 2024

Vistun í Skólaseli er gjaldfrjálss en hver klukkutími í Frístund er 432 kr. Gjald fyrir hressingu er 15

Skráning fer fram hjá ritara Flúðaskóla í síma 480 6610 eða á netfangið ritari@fludaskoli.is

Starfsreglur Skólaselsins má nálgast [hér](#).

40 Ýmsar áætlanir

[Sjálfsmatsáætlun 2024 - 2027](#)

[Móttaka nýrra nemenda](#)

[Jafnréttisáætlun Flúðaskóla 2021 - 2024](#)

[Viðbrögð við vá](#)

[Rýmingaráætlun fyrir Flúðaskóla](#)

[Áætlun gegn einelti](#)

[Símenntunaráætlun/starfsþróunaráætlun 2024 - 2025](#)

[Áætlun um áfengis- og fíknivarnir](#)

[Yfirlit yfir skimanir og próf](#)